

Spurningar er varða skiplag og framkvæmd skólahalds í leikskólum eftir 4. maí 2020

FJÖLDATAKMARKANIR – AÐGENGI ANNARRA AÐ SKÓLUM

- Hversu mörg börn mega vera saman úti í einu? Gildir 50 manna viðmiðið á útisvæði?
 - Eins og þarf. Nei, á eingöngu við um fullorðna.
- Getu börn af öllum deildum leikskólans verið í garðinum á sama tíma án aðskilnaðar?
 - Já
- Svefn og hvíldarrými yngstu barna - hvernig verður því viðkomið þar sem þröngt er legið/sofið?
 - Engin takmörkun
- Gilda einhverjar takmarkanir um húsið, þ.e. geta allir valsað um allt húsið og nýtt alla innganga?
 - Já, takmarkanir gilda eingöngu um fullorðna
- Er leyfilegt að fá foreldra inn á deildir leikskóla þegar verið er að koma með börnin og sækja þau og ef svo er þurfa foreldrar þá að virða 2 metra fjarlægðarmörkin?
 - Já, og foreldrar þurf að viðhalda 2ja metra fjarlægð
- Mætingar á morgnana, geta allur mætt á sama tíma um sama inngang eftir 4. maí?
 - Já, en foreldrar þurf að viðhalda 2ja metra fjarlægð
- Foreldrar koma margir í leikskólann á sama tíma á morgnana, hversu margir mega vera í einu í fataklefa? (50 með 2ja metra millibili?) Þarf að hólfa fataklefa og stjórna umferð foreldra?
 - 50 að hámarki með 2ja metra bili. Stjórna þarf umferð foreldra eftir þörfum
- Er í lagi að starfsfólk (sem er í afleysingum) fari á milli deilda eftir þörfum?
 - Já
- Mega aðrir óviðkomandi koma í skólann t.d. iðnaðarmenn?
 - Já, með viðeigandi smitgát
- Er í lagi að halda teymisfundi, starfsmannafundi og deildafundi? Má starfsfólk fara saman í kaffitíma? S.s. blandað af deildum?
 - Já, með viðeigandi smitgát
- Fundir með utanaðkomandi aðilum frá skólaskrifstofum og foreldrum.
 - Já, með viðeigandi smitgát
- Má boða foreldra í viðtöl?
 - Já, með viðeigandi smitgát

SÓTTVARNIR OG ÞRIF

- Í upphafi samkomubanns komu upplýsingar frá heilbrigðiseftirliti að sóttþreinsa og þrífa vel leikföng og annað sem börnin eru með. Fatahólf átti að tæma daglega og sóttþreinsa í lok dags, sem og leikefni. Er þetta t.d. eitthvað sem þarf að gera áfram?
 - Hvatt er til sérstaks hreinlætis, sóttþreinsunar og handþvotta, einkum á flötum sem margir ganga um.
- Hvað með börn og/eða starfsfólk sem koma kvefuð í leikskólann þurfa þau að vera heima?
 - Ef vafi er um hvort barn eigi að vera í sóttkví, t.d. vegna ferðalaga erlendis eða umgengni við smitaða, er mikilvægt að fá ráðgjöf frá heilsugæslunni, í vakt síma 1700, eða gegnum vefinn heilsuvera.is, áður en nemandi fer í skólann.
- Þarf áfram að sinna handþvotti og sprittun við mætingu og oftast yfir daginn á flötum sem margir ganga um (útihurð, kaffistofa o.s.frv.)?

- Hvatt er til sérstaks hreinlætis, sóttthreinsunar og handþvotta, einkum á flötum sem margir ganga um.
- Þarf áfram að spritta umhverfið í takt við notkun?
 - Hvatt er til sérstaks hreinlætis, sóttthreinsunar og handþvotta, einkum á flötum sem margir ganga um.
- Þurfa foreldrar áfram að spritta sig við inngang?
 - já, mælt er til þess
- Má fara að nota trékubba sem ekki er hægt að sóttthreinsa?
 - já
- Má nota öll kennslugögn og leikföng fyrir alla?
 - já

MÓTTAKA BARNNA Í AÐLÖGUN, ÚTSKRIFT

- Hvernig fer aðlögun nýrra barna fram með þátttöku foreldra? Verða fjölda og tímatakmarkanir?
 - Fjöldatakmarkanir snúa að foreldrum og starfsmönnum, sem halda 2ja metra regluna
- Má hafa móttöku fyrir nýnema (leikskólabörn) næsta skólaárs ásamt foreldrum, ca 100 foreldrar og 50 – 60 nýnemar, sem ganga svo um skólann í 2 aðskildum hópum (70-80 manns)?
 - Nei, mælt er gegn slíku þar sem takmarka skal umgengni fullorðinna um leikskólabyggingar.
- Er leyfilegt að fara með elstu nemendur leikskóla í smáum hópum í heimsókn í grunnskóla í skólaaðlögun? Hvað ef nemendur koma saman frá nokkrum leikskólum í sömu heimsókn?
 - já

MATARTÍMI

- Börn snæða í salnum sem allir ganga í gegnum, tvær deildir borða þó í einu. Ef við eigum að halda matatíma inni á deildum eykst matarsóun og við þyrftum þá að kaupa ný borð. Á að færa matartímann inn á deildir?
 - nei

VETTVANGSFERÐIR – VORFERÐALÖG – RÚTUR – SKÓLABÍLAR

- Útskriftaferðir, útskrift, sveitaferðir, útilega og sumarhátíðir (allt að 2-300 manns) munu þessir viðburðir halda sér?
 - fjöldatakmarkanir miðast við fullorðna. Engar fjöldatakmarkanir gilda um börnin.
- Er leyfilegt að fara með leikskólabörn í útskriftarferð í rútum í aðra byggðarkjarna?
 - já